

Vísuþotnar sem voru á meðal þeirra bestu á unglíngastígi

Nóttin lengist, nálgast haust,
nístir kaldur vindur.

**Flestir bátar fara í naust,
fenna úti kindur.**

Sigríður Birta Skarphéðinsdóttir, 8. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.

Manna verk er mengun öll,
margt sem þarf að laga.

**Ruslið út um víðan völl,
vond er þessi saga.**

Sigríður Birta Skarphéðinsdóttir, 8. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.

Nóttin lengist, nálgast haust,
nístir kaldur vindur.

**Árið styttist endalaust,
ótti marga bindur.**

Helena Reykjalín Jónsdóttir, 9. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.

Manna verk er mengun öll,
margt sem þarf að laga.

**Nær hún upp í nyrstu fjöll,
nú er búin saga.**

Margrét Sigurðardóttir, 8. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.

Manna verk er mengun öll,
margt sem þarf að laga.

**Hylur bæði hús og fjöll
og heiminn alla daga.**

Isabella Ósk Stefánsdóttir, 8. bekk Grunnskóla Fjallabyggðar.

Manna verk er mengun öll,
margt sem þarf að laga.

**Vitum þetta vel flestöll,
viljum úr því draga.**

Ásdís Eva, Ingibjörg og Rakel, 10. bekk Lindaskóla í Kópavogi.

Manna verk er mengun öll,
margt sem þarf að laga.

**Örkum við á Austurvöll
alla föstudaga.**

Katrín Einarsdóttir 10. bekk Lindaskóla í Kópavogi.

Manna verk er mengun öll,
margt sem þarf að laga.

**Donald Trump í tómri höll,
Thunberg í bardaga.**

Lena Mist, 10. bekk Lindaskóla í Kópavogi.

Nóttin lengist, nálgast haust,
nístir kaldur vindur.

**Úti á foldu frostið braust,
frjósa allar kindur.**

Vala Katrín Guðmundsdóttir, 8. bekk Foldaskóla.